

1



Ársskýrsla
2018-2019



Félagið í hnotskurn


**FÉLAGSMENN Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
ERU 2.373**

**FÉLAGSMENN Á
LANDSBYGGÐINNI
ERU 1.003**


**FÉLAGSMENN FÍH
ERU 3.376**

**ÚTLEIGUR ORLOFSHÚSA
OG ÍBÚÐA 1.186**


Seld gjafabréf orlofssjóðs 2018




Starfandi félagsmenn eftir kyni




Fjöldi starfandi félagsmanna



Starfandi félagsmenn eftir búsetu



Aldursskipting starfandi félagsmanna





Stjórn Fíh 2018-2019

Viðburðaríkt ár

Á síðasta starfsári stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) voru óvenjumörg og stór verkefni á dagskrá. Í upphafi starfsársins var farið í stefnumótunarvinnu og endurskoðað var fyrirkomulag á starfsháttum stjórnar þannig að hún gæti á sem bestan og markvissastan hátt sinnt skyldum sínum skv. lögum félagsins. Samtals voru haldnir 11 stjórnarfundir auk vinnudaga og eru fundargerðir stjórnar aðgengilegar á vef félagsins, hjukrun.is. Stjórnin vann eftir starfsáætluninni sem samþykkt var á aðalfundi 2018. Helstu verkefni hennar voru undirbúningur kjaraviðræðna og vinna við stofnanasamninga, átak í fjölgun starfandi hjúkrunarfræðinga, efling

samráðs um skipulagningu heilbrigðisþjónustu, frekari þróun á starfssviði hjúkrunarfræðinga og stefnumótun varðandi menntun hjúkrunarfræðinga, jafnréttismál, alþjóðlegt samstarf og síðast en ekki síst 100 ára afmæli félagsins.

Húsnæði félagsins fékk andlitslyftingu á starfsárinu og hafa félagsmenn verið ánægðir með útkomuna. Það er liður í að ná því markmiði stjórnar að félagsmenn nýti húsnæðið fyrir félagsstarfsemi í enn meiri mæli en verið hefur. Áætlað er að endurbótunum ljúki á árinu 2019.

Kjaramálin í brennidepli

Haustið 2018 voru ráðnir tveir nýir starfsmenn á skrifstofuna og eru þeir sérstaklega boðnir velkomnir til starfa. Edda Dröfn Danielsdóttir tók við sem sviðsstjóri fagsviðs en Aðalbjörg Finnbogadóttir vannur áfram á fagsviðinu sem verkefnastjóri. Harpa Júlía Sævarsdóttir var ráðin sem sérfræðingur í kjaramálum vegna umfangsmikilla verkefna á sviðinu. Þar starfa nú 3 starfsmenn í 2,6 stöðugildum. Fram að þeim tíma er gerðardómi lauk 31. mars 2019 vann starfsfólk kjara- og réttindasviðs ótúllega að því að endurnýja stofnanasamninga. Líkt og fyrr fylgir ekki sérstakt fjármagn til stofnanasamningsgerðar og því erfitt um vik að ná fram verulegum breytingum. Aftur á móti hefur undirbúningur fyrir komandi kjarasamninga verið markviss og góður. Segja má að hann hafi byrjað með ráðstefnu hér á landi í september meðal samtaka hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum (SSN) þar sem fjallað var um jöfn laun og vinnuskilyrði. Gerð var kjarakönnun á meðal starfandi hjúkrunarfræðinga og voru niðurstöður hennar notaðar m.a. við mótun kröfugerðarinnar. Samhliða því fóru formaður og starfsmenn kjara- og réttindasviðs í hringferð um landið undir yfirskriftinni *Í aðdraganda kjarasamninga* og ræddu við félagsmenn um kröfugerðina o.fl. Eins og fyrr voru þetta upplýsandi fundir sem sýndu að nauðsynlegt er að fara

í slíkar ferðir annað hvert ár til að heyra í félagsmönnum.

Eitt af áhersluatriðum stjórnar var að styðja betur við hjúkrunarfræðinga af erlendum uppruna sem starfa á Íslandi. Erlendum hjúkrunarfræðingum hefur fjölgað og því mikilvægt að félagið hlúi betur að þessum hópi. Í lok febrúar var haldinn sérstakur kynningarfundur fyrir þá og var hann vel sóttur. Greinilegt er að þörf er á ýtarlegri umræðu og verður frekari stuðningur veittur þessum hópi hjúkrunarfræðinga af hálfu félagsins.

Fjölbreytt dagskrá í tilefni 100 ára afmælis

Í tilefni 100 ára afmælis Fíh hafa margir viðburðir verið skipulagðir og dreifast þeir yfir allt afmælisárið. Ljóst er að félagsmenn eru ánægðir með þetta enda mættu á níunda hundrað hjúkrunarfræðinga á fyrsta viðburðinn á Hótel Nordica 15. janúar sl. Stjórn félagsins ákvað í samvinnu við sjónvarpsstöðina Hringbraut að skrá 100 ára sögu hjúkrunar í máli og myndum. Framleiddir verða tveir sjónvarpsþættir, annar um 100 ára afmælið, og hinn um sögusýninguna sem haldin verður á Árbæjarsafni í tilefni afmælisins.

Á starfsárinu hefur verið unnið að því að kynna fjölbreytt störf hjúkrunarfræðinga. Eitt skref í því var könnun sem Maskína gerði fyrir Fíh um viðhorf, þekkingu og traust Íslendinga til félagsins. Þar má sjá

að fólk er jákvæðara gagnvart félaginu og ber meira traust til þess heldur en fyrri ár. Einnig hafa verið birt vikulega viðtöl við hjúkrunarfræðinga á samfélagsmiðlum sem hljóta mjög góðar undirtektir. Verið er að útbúa myndbönd um hjúkrunarfræðinga að störfum, svo eitthvað sé nefnt.

Starfssvið hjúkrunarfræðinga

Sögulegum áfanga var náð í frekari þróun á starfssviði hjúkrunarfræðinga þegar Alþingi samþykkti að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fengju leyfi til að ávísa hormónatengdum getnaðarvörnum. Því fagnar stjórn enda hefur félagið stutt lagabreytinguna með umsögnum og viðtölum við alþingismenn og heilbrigðisráðherra. Ánægjulegt er að sjá betri nýtingu á menntun og sérþekkingu beggja stétta til að efla nauðsynlega heilbrigðisþjónustu á sviði kynheilbrigðis.

Eitt stærsta dæmið um eflingu samráðs í skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar á starfsárinu voru athugasemdir og breytingatillögur sem félagið sendi við drög að nýrri heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Meginviðfangsefnin, sem félagið benti á, voru að veita þarf rétta þjónustu á réttum stað, huga betur að forvörnum, lýðheilsu, endurhæfingu og hjúkrun aldraðra. Einnig var ítrekað að leggja skyldi sérstaka áherslu á rannsóknir, vísindastarfsemi og gæðaverkefni til þróunar á hjúkrunar-meðferð.

Aðalbjörg Þórsdóttir

formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga



Fagleg mál

Fagsvið félagsins hefur unnið kerfisbundið að því að kynna fjölbreytt störf hjúkrunarfræðinga. Á afmælisárinu hafa verið birt viðtöl við hjúkrunarfræðinga á samfélagsmiðlum, þeir teknir tali í útvarpi og greinar þeirra birtar í dagblöðum. Kynningarherferðinni *Þegar mest á reynir* var hrundið af stað í tengslum við alþjóðadag hjúkrunarfræðinga 12 maí, þar sem myndir af 25 hjúkrunarfræðingum við fjölbreytileg störf voru birtar á strætóskýlum borgarinnar.

FAG- OG LANDSVÆÐADEILDIR

Innan Fíh starfa 24 fagdeildir. Tilgangur fagdeildanna er meðal annars að vinna að framgangi hjúkrunar á viðkomandi sérsviði í samvinnu við fagsvið Fíh og skulu þær meðal annars vera stjórn Fíh og nefndum til ráðgjafar.

Á árinu bættist við ein ný landsvæðadeild, deild hjúkrunarfræðinga á Suðurlandi, og eru þær nú orðnar fimm. Markmið landsvæðadeilda er meðal annars að vinna að eflingu og framgangi hjúkrunar á sínu svæði, veita fræðslu um viðfangsefni hjúkrunar og efla fag- og félagsheild á svæðinu.

HJÚKRUNARÞING 2018

Hjúkrunarþing var haldið 15. nóvember 2018 undir yfirskriftinni *Þú hefur valdið, leiðtogahæfni og forysta*, á Hótel Natura í samstarfi við deild hjúkrunarstjórnenda. Dagskráin var mjög fjölbreytt og blandað var saman fyrirlesurum úr röðum hjúkrunarfræðinga og fólki úr atvinnulífinu. Fyrirlesarar sögðu frá reynslu sinni sem leiðtogar og stjórnendur, hver á sínu sviði. Mikil aðsókn var að þinginu og komust færri að en vildu.

**TÆPLEGA 350
GESTIR SÓTTU
HJÚKRUNARÞING
2018**



NÁMSKEIÐ OG KYNNINGAR Á FÉLAGINU

Fjölbreytt fræðsla var í boði fyrir félagsmenn á árinu. Má þar nefna námskeið um sár og sárameðferð, námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga sem eru að undirbúa starfslok, áhugahvetjandi samtal, ásamt kyrrðarjoga og hugleiðslunámskeiði. Einnig var boðið upp á hádegis- og síðdegisfyrirlestra og er það nýjung. Þar voru fluttir fyrirlestrar um hamingju á vinnustað og svefn og áhrif vaktavinnu. Þessi nýjung mæltist vel fyrir hjá félagsmönnum sem sóttu hádegisfyrirlestrana. Félagið, í samstarfi við Guðbjörgu Pálsdóttur, sérfræðing í hjúkrun, ásamt deild hjúkrunarfræðinga við Eyjafjörð, bauð upp á sáranámskeið á Akureyri 11. og 12. apríl við góðar undirtektir.

Fulltrúi nema og nýbrautskráðra kynnti félagið hjúkrunarfræðinimum á 2. og 3. námsári sem þeirra framtíðar fag- og stéttarfélag og fjórða árs nemum var að venju boðið til sérstakrar kynningar á félaginu.

Haldin hafa verið fjögur námskeið í vetur fyrir trúnaðarmenn, tvö almenn námskeið um helstu atriði kjarasamninga í Reykjavík og eitt á Akureyri. Auk þess sóttu trúnaðarmenn, trúnaðarmannaráð og samninganefndir námskeið í samningafærni á vegum Fíh.

20 NÁMSKEIÐ YFIR 440 ÞÁTTAKENDUR



ERLENDIR HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

Töluverður fjöldi hjúkrunarfræðinga með erlent ríkisfang starfar á Íslandi og fer þeim fjölgandi. Félagið hélt námskeið um réttindi og kjör hjúkrunarfræðinga á Íslandi fyrir hópinn og sóttu það 55 erlendir hjúkrunarfræðingar. Á næstu misserum mun félagið bjóða erlendum hjúkrunarfræðingum upp á fleiri námskeið sem eru sérsniðin að þeirra þörfum. Stofnaður var hópur erlendra hjúkrunarfræðinga innan félagsins. Markmið hópsins er að vera vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og stuðningur við erlenda hjúkrunarfræðinga sem starfa á Íslandi.



100 ára afmæli

18. nóvember 2019 eru liðin hundrað ár frá því að fyrsta félag hjúkrunarfræðinga á Íslandi var stofnað. Þessara tímamóta mun verða minnst út árið með ýmsum viðburðum.


Afmælisárinu var fagnað með opunarhátíð 15. janúar sl. en þá voru liðin 25 ár frá sameiningu Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga í eitt félag, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Tæplega þúsund hjúkrunarfræðingar hittust og skemmtu sér á opunarhátíðinni, auk þess sem dagskránni var streymt til hjúkrunarfræðinga sem hittust og gerðu sér glaðan dag á Akureyri og á Sauðárkróki.

Á alþjóðadegi hjúkrunarfræðinga 12. maí var haldin hátíðarmessa í Grafarvogskirkju. Prestur var séra Svanhildur Blöndal sem einnig er hjúkrunarfræðingur, Rósa Kristjánsdóttir, djákni og hjúkrunarfræðingur, predikaði. Hjúkrunarfræðingar sáu um ritningarlestur og bænir. Kristín Sigurjónsdóttir hjúkrunarfræðingur lék á fiðlu og kór hjúkrunarfræðinga söng undir stjórn Bjargar Þórhallsdóttur, söngkonu og hjúkrunarfræðings.



HÁTT Í ÞÚSUND MANNS KOMU SAMAN Á OPNUNARHÁTÍÐINI

2019



Kjara- og réttindamál

Megináherslur í kjaramálum á starfsárinu sneru að endurskoðun á stofnanasamningum, breytingum á trúnaðarmannakerfi Fíh, könnun á viðhorfum og væntingum til kjarasamninga og undirbúningi kjarasamningaviðræðna.

STOFNANASAMNINGAR

Á árinu voru gerðir fimm nýir stofnana-samningar við ríki þar sem gerðar voru ýmsar breytingar frá eldri samningum. Nýtt fjármagn fékkst með bókun 3 í dómssátt fyrir gerðardómi árið 2015 sem var ætlað að auka virkni stofnanasamninga með áherslu á frammistöðu. Landspítali var eina stofnunin sem útbjó frammistöðumat og framkvæmdi öll þrjú árin sem verkefnið stóð yfir. Aðrar stofnanir nýttu fjármagnið til að endurskoða stofnanasamninga eða greiddu jafna eingreiðslu til allra hjúkrunarfræðinga sem störfuðu á stofnuninni. Á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var bókun 3 m.a. notuð í nýtt starfsþróunarkerfi og vörpun innan þess.

Viðræður eru um stofnanasamning við Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Einnig var gerður nýr stofnanasamningur við

hjúkrunarheimilin Eir, Hamra og Skjól hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Í kjarasamningi 2015 hjá Sambandi sveitarfélaga var samið um starfsmat hjúkrunarfræðinga. Vinna við starfsmatið er nú á lokastigi.

TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmenn eru mikilvægir í starfsemi stéttarfélags þar sem þeirra hlutverk er m.a. að tryggja upplýsingaflæði á milli félagsins og félagsmanna, auk þess að veita hjúkrunarfræðingum leiðsögn í ýmsum kjara- og réttindamálum.

Á starfsárinu var trúnaðarmannakerfi Fíh endurskoðað með það að leiðarljósi að gera kerfið skilvirkara og einfaldara. Kerfinu var skipt í hefðbundið trúnaðarmannakerfi

og trúnaðarmannaráð. Markmiðið er að trúnaðarmenn verði fyrst og fremst tengiliðir við starfseiningar og stofnanir. Þeim til stuðnings verður hópur aðaltrúnaðarmanna sem situr í trúnaðarmannaráði. Fulltrúar í trúnaðarmannaráði fá sérstaka fræðslu og starfsskyldur þeirra eru ríkari sem og ábyrgð gagnvart félaginu. Einungis virkir trúnaðarmenn geta setið í ráðinu og er kosið í ráðið til tveggja ára í senn, í janúar þegar ár stendur á oddatölu. Seta í ráðinu er launuð.

Ekki eru starfandi trúnaðarmenn á öllum stofnunum eða starfsstöðum en með nýju kerfi hefur gengið betur að manna stöður.

YFIR 120 TRÚNAÐARMENN

18 SITJA Í TRÚNAÐARMANNARÁÐI

KÖNNUN Á VIÐHORFUM OG VÆNTINGUM TIL KJARASAMNINGA

Framkvæmd var könnun meðal hjúkrunarfræðinga í nóvember 2018 þar sem spurt var um viðhorf og áherslur þeirra fyrir komandi kjarasamningsviðræður. Þátttaka í könnuninni var mjög góð en alls svöruðu 2.100 hjúkrunarfræðingar könnuninni, eða tæp 76%. Eingöngu um 9% hjúkrunarfræðinga eru sáttir við launin sín, en þeir þættir sem hjúkrunarfræðingar vilja að félagið leggi áherslu á við gerð næstu kjarasamninga eru hærri dagvinnulaun, stytting vinnuviku og hækkun launa vegna vaktaálags.

Hjúkrunarfræðingum þarf að gera betur kleift að starfa í vaktavinnu, m.a. með því að 80% vinna á vöktum teljist 100% vinna. Stjórnendur, og þeir sem vinna dagvinnu, voru meira fylgjandi breytingum á vinnutíma og yfirvinnu en hjúkrunarfræðingar sem vinna vaktavinnu. Stærstur hluti hjúkrunarfræðinga, eða 77%, fannst mikilvægt að hvíldartími milli vakta væri að minnsta kosti 11 klukkustundir. Aðrir þættir sem fram komu í könnuninni voru t.d. að menntun ráði helst launum, í starfsumhverfinu vilja hjúkrunarfræðingar helst betri mönnun, og að sí- og endurmenntun teljist til vinnutíma.

EINGÖNGU 9%
HJÚKRUNARFRÆÐINGA
ERU ÁNÆGÐIR MEÐ LAUNIN SÍN

76% TÓKU ÞÁTT Í
KJARAKÖNNUN


16 FUNDIR UM ALLT LAND Í
AÐDRAGANDA KJARASAMNINGA

UNDIRBÚNINGUR KJARASAMNINGA

Allir miðlægir kjarasamningar hjúkrunarfræðinga losnuðu í lok mars 2019 og hefur vinna við undirbúning kjarasamningaviðræðna staðið yfir á starfsárinu. Fíh semur við fimm aðila um miðlægan kjarasamning: fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs (ríki), Reykjalund, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), Reykjavíkurborg og Samband sveitarfélaga.

Haldnir voru 16 kynningarfundir fyrir hjúkrunarfræðinga um komandi kjarasamningaviðræður. Fundirnir voru vel sóttir og var sterk samstaða

Hversu ánægður / óánægður ertu með launakjör þín?



Hvað af eftirtöldu finnst þér að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga ætti að leggja mesta áherslu á við gerð næstu kjarasamninga?



meðal hjúkrunarfræðinga fyrir komandi kjarasamninga. Áherslurnar eru nokkuð samhljóða þrátt fyrir að hópurinn sé ólíkur og starfsumhverfið misjafnt. Helstu atriðin eru hækkun dagvinnulauna, stytting vinnuvikunnar og bætt starfsumhverfi. Leita þarf nýrra lausna til þess að takast á við þann vanda sem blasir við í íslensku heilbrigðiskerfi þar sem marga hjúkrunarfræðinga vantar til starfa.

Kröfugerð Fih hefur verið í vinnslu og nýttist niðurstaða kjarakönnunarinnar vel við vinnslu hennar sem og niðurstaða af fundum með hjúkrunarfræðingum.

RÉTTINDAMÁL

Réttindamál hafa verið veigamikill þáttur í starfsemi kjara- og réttindasviðs á starfsárinu. Afgreiðsla réttindamála fer aðallega fram með þjónustu við félagsmenn vegna fyrirspurna í símtölum, tölvupóstsamskiptum, með viðtölum og fundum.

Daglega koma að meðaltali um tíu ný mál á borð kjara- og réttindasviðs. Sum málanna eru auðleyst en önnur mál eru flóknari og þarfnast frekari úrvinnslu, m.a. vegna ólíkrar túlkunar félagsins og viðkomandi stofnunar. Svör við einföldum fyrirspurnum er að finna á vef félagsins undir liðnum **Spurt og svarað** og eru félagsmenn duglegir að nýta sér þann kost.

Starfsmenn Fih reyna eftir fremsta megni að leysa réttindamál félagsmanna gagnvart vinnuveitanda eða öðrum deiluaðila. Ef ekki næst samkomulag eða viðunandi lausn á málinu á þeim vettvangi vísar sviðstjóri kjara- og réttindasviðs málinu til lögfræðings félagsins. Sviðstjóri, ásamt lögfræðingi Fih metur síðan hvort höfðað verður mál. Fih greiðir kostnað vegna málaferla út af kjara- og réttindamálum sem er stofnað til fyrir félagsmenn. Lögmaður, sem starfar fyrir Fih, sér um málshöfðunina. Fih greiðir ekki kostnað félagsmanna ef viðkomandi hefur hafnað lögfræðiaðstoð frá Fih eða ákveðið

Helstu fyrirspurnir félagsmanna

1. Launaröðun/viðbótarmenntun/launasetning í starf
2. Veikindaréttur/orlofsréttur
3. Lífeyrismál/starfslok
4. Tilfallandi launauppbætur/Hekluverkefni á Landspítala
5. Matar- og kaffítímar
6. Vinnuskipulag
7. Hvíldartími/frítökuréttur
8. Bakvaktir
9. Launalaust leyfi
10. Skipting næturvinnu/helgidagavinnu



að velja sér annan lögfræðing. Leiðbeiningar um lögfræðiaðstoð við félagsmenn má finna á vefsvæði Fih.

Mikill tími og fjármunir fara í að höfða mál fyrir dómstólum og er reynt eftir fremsta megni að leysa mál á fyrri stigum. Á starfsárinu höfðaði lögmaður félagsins fjögur dómsmál fyrir dómstólum. Eitt mál vannst gagnvart Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis og laut það að uppgjöri á orlofi og vinnuskilum. Samið var um greiðslu bóta fyrir hönd félagsmanns í tveimur málum er sneru að ólöglegum

uppsögnum. Auk þess var samið um greiðslu bóta í nokkrum málum fyrir félagsmenn áður en höfðað var mál og sneru þau að ólöglegum uppsögnum, niðurlagningu starfa og ráðningu í starf. Þegar ákveðið er að semja í málum eða þau vinnast fyrir dómstólum fæst málskostnaður oft bættur. Þó fellur oft kostnaður á félagið vegna ýmissa mála sem árangur næst í.

Orlofsmál

Þjónustukönnun Orlofssjóðs var send út í apríl 2018 og svöruðu henni tæplega 500 félagsmenn. Niðurstaðan sýndi að flestir svarendur hafa keypt gjafabréf í flug eða leigt sér sumarhús eða íbúð. Félagsmenn vilja að sjóðurinn leggi áfram áherslu á sölu á flugmiðum og hótelmiðum auk áframhaldandi uppbyggingu sumarhúsa.

Stjórn Orlofssjóðs vann að stefnumótun á haustdögum fyrir tímabilið 2018-2019. Skerpt var á fyrirkomulagi punktakerfis, hámark sett á punktanotkun og gerð tillaga að úthlutunarhappdrætti. Þá voru lagðar línur varðandi framboð á flugmiðum með hagsmuni félagsmanna og rekstraráhættu sjóðsins að leiðarljósi.

Orlofssjóður samdi við Hey Iceland um sölu á gjafabréfum í byrjun árs, en fyrirtækið býður upp á 170 gististaði víðs vegar um landið. Einnig er sumarhús erlendis í útleigu sumarið 2019 og aukið framboð á ódýrari hótél- og gistiheimilakostum á landsbyggðinni.

Stjórn Orlofssjóðs ákvað að bjóða þeim félagsmönnum sem hafa minna en 5 ára starfs- og félagsaldur að taka þátt í úthlutunarhappdrætti við forúthlutun sumarhúsa fyrir sumarið 2019. Með þessu er verið að koma til móts við unga félagsmenn sem þurfa annars að bíða í mörg ár áður en þeir eiga möguleika á því að fá leigð vinsæl sumarhús á sumarleyfistímum.

Alls seldust 3.000 gjafabréf í flug erlendis á vegum Icelandair og Wowair árið 2018.

**3.826 SELD GJAFABRÉF Í
FLUG SUMARIÐ 2018**

**202 VIKUR LEIGÐAR ÚT
SUMARIÐ 2018**



Sjóðir

VÍSINDASJÓÐUR

Vísindasjóður skiptist í A- og B-hluta.

Styrkir úr A-hluta eru greiddir beint til félagsmanna sem starfa hjá hinu opinbera í febrúar ár hvert. Að þessu sinni voru greiddir styrkir til 3.159 félagsmanna og nam heildarupphæð styrkja 234 milljónum króna.

Alls bárust 39 umsóknir í B-hluta Vísindasjóðs. 22 hjúkrunarfræðingar fengu styrki úr sjóðnum að upphæð alls 12.152.500 kr. Heildarupphæð sem sótt var um var 52.731.858 kr.

Í tilefni 100 ára afmælis félagsins hlaut Helga Jónsdóttir sérstakan rannsóknarstyrk að upphæð tvær milljónir króna fyrir rannsóknina *Samráð við fólk með langvinna lungnateppu og fjölskyldur þeirra*.

HVATNINGARSTYRKIR TIL FRUMKVÖÐLA Í HJÚKRUN

Veittir voru fimm hvatningarstyrkir til frumkvöðla í þróun og eflingu hjúkrunar á Íslandi að upphæð 500.000 króna hver. Styrkjunum er ætlað að styðja þessa frumkvöðla til að afla sér frekari þekkingar eða þjálfunar sem nýtist þeim til að þróa enn frekar nýsköpunarverkefni sem þeir eru í forsvari fyrir eða stýra. 34 hjúkrunarfræðingar voru tilnefndir.

Hvatningastyrkinn hlutu

Arna Skúladóttir

Ásgeir Valur Snorrason

Ásta Thoroddsen

Helga Sif Friðjónsdóttir

Nanna Friðriksdóttir

STARFSMENNTUNARSJÓÐUR


Á árinu 2018 voru samþykktar 1146 umsóknir að upphæð 42.811.315 krónur. Umsóknum fjölgaði frá fyrra ári um 8%. Aukin ásókn hefur verið í námskeið til sjálfstyrkingar á árinu og hefur Starfsmenntunarsjóður lagt áherslu á að veita slíka styrki.

STYRKARSJÓÐUR


Samþykktar voru 2.643 umsóknir á liðnu ári að upphæð 168.826.773 krónur. Þetta er umtalsverð fjölgun umsókna, eða 26% miðað við árið áður, og heildarfjárhæð styrkja jókst einnig umtalsvert á milli ára, eða um 51%. Mesta aukningin á milli ára var í sjúkradagpeningum en heildarfjárhæð þeirra jókst um 64%.

Þá hækkaði heildarfjárhæð úthlutaðra heilsuræktarstyrkja einnig um tæpan helming á milli ára, en þessi styrkur er um 47% af heildarstyrkveitingum sjóðsins.

Styrkveitingar Styrktarsjóðs 2018



Þróun styrkja



**64% AUKNING Á
HEILDARFJÁRHÆÐ
SJÚKRADAGPENINGA Á MILLI ÁRA**

Útgáfa

VEFUR OG SAMSKIPTAMIÐLAR

Vefurinn hjukrun.is ásamt [Facebook](https://www.facebook.com/hjukrun.is), [Instagram](https://www.instagram.com/hjukrun.is) og fréttabréfi félagsins eru þeir rafrænu miðlar sem nýttir eru til að koma upplýsingum á framfæri við félagsmenn. Æ fleiri fylgjast með þessum miðlum, tæplega 3.200 fylgjast nú með Facebook og hátt í 3.000 eru skráðir á póstlista og fá reglulega rafrænt fréttabréf með tölvupósti.

Fréttum, viðburðum og greinum af vef félagsins er deilt á Facebook og greinum úr Tímariti hjúkrunarfræðinga einnig. Miðillinn hefur að auki verið nýttur til að streyma fundum og var m.a. opunarhátíð hundrað ára afmælis 15. janúar 2019 streymt á þann veg.

Í tilefni afmælisins hefur verið birt viðtal við einn hjúkrunarfræðing á viku á vefnum og samfélagsmiðlum og verður því haldið áfram út afmælisárið. Viðtölin hafa fengið góðar viðtökur, og áhugavert hefur verið að sjá hversu fjölbreyttur starfsvettvangur hjúkrunarfræðinga er.



Ingibjörg Davíðsdóttir, aðstoðardeildarstjóri

**149.289 HEIMSÓKNIR
Á HJUKRUN.IS
ÁRIÐ 2018**

**3.170 FYLGJENDUR
Á FACEBOOK**



Þorsteinn Jónsson, sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun



Elin Markúsdóttir, hjúkrunarfræðingur



Pálína Skjaldardóttir, hjúkrunarfræðingur

TÍMARIT HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Tímarit hjúkrunarfræðinga var gefið út þrisvar á árinu í prentaðri útgáfu og dreift til allra félagsmanna, heilbrigðisstofnana og ráðamanna. Tímaritið er málgagn félagsmanna í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og í því er reynt að endurspegla ólíkar skoðanir og viðhorf til hjúkrunar. Tímaritið er vettvangur fræðilegrar og félagslegrar umfjöllunar um hjúkrun. Ritstjórnin leggur metnað sinn í að allir félagsmenn þess finni þar efni sér til gagns, fróðleiks og ánægju. Líkt og fyrr eru efnistök fjölbreytt en sérstök áhersla var lögð á starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga og langvarandi streitu og kulnun í starfi.

Auk tveggja hefðbundinna tölublaða var gefin út sérstök afmælisútgáfa í tilefni af því að 100 ár eru frá því hjúkrunarfræðingar á Íslandi stofnuðu sitt fyrsta félag. Þema blaðsins er fortíð, nútíð og framtíð hjúkrunar á Íslandi.



Önnur starfsemi

PERSÓNUVERNDARSTEFNA OG AÐLÖGUN AÐ NÝRRI REGLUGERÐ

Í júlí gaf Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga út persónuverndarstefnu vegna nýrra laga um persónuvernd nr. 90/2018, en lögin tóku gildi á Íslandi 15. júlí 2018. Persónuverndarstefna Fíh greinir frá því hvernig félagið stendur að söfnun, skráningu, vinnslu, vistun og miðlun persónugreinanlegra upplýsinga um félagsmenn sína og þá einstaklinga sem heimsækja vef félagsins hjukrun.is.

Mótun persónuverndarstefnunnar var þáttur í umfangsmikilli undirbúningsvinnu við að laga starfsemi félagsins að ákvæðum persónuverndarlaganna. Verklags- og háttisreglur voru uppfærðar þannig að persónuverndarsjónarmið og meginreglur persónuréttar séu hafðar að leiðarljósi í daglegum störfum og við ákvarðanatöku starfsmanna félagsins. Einnig var útbúin vinnsluskra og áhættumat, mat var lagt á öryggi hugbúnaðar- og upplýsingakerfa félagsins, og viðbrögð við öryggisbrestum kortlögð.

ENDURBÆTUR SKRIFSTOFUHÚSNÆÐIS

Endurbætur voru unnar innanhúss á skrifstofu félagsins við Suðurlandsbraut 22 sumarið 2018. Skipt var um gólfefni á salarkynnum félagsins, veggir málaðir og lýsing í húsnæðinu endurhönnuð. Slegið var upp fölskum vegg í fundarsal en að baki hans skapast geymslurými fyrir aukaborð, stóla og annan búnað sem ekki er í notkun hverju sinni.

Sigríðarstofa var færð í betri búning en þar er nú fundaraðstaða bæði við fundarborð og í setustofu. Móttaka skrifstofunnar var einnig endurbætt. Gagnert var unnið að því að skapa notalegt umhverfi fyrir félagsmenn og að færa söguna inn í rýmin með myndum og munum.





UPPFÆRSLA TÖLVUKERFIS OG BÚNAÐAR

Tækniframfarir síðustu ára hafa kallað á endurskoðun tæknimála skrifstofunnar. Félagið hefur í á annan tug ára verið í kerfisleigu Advania sem var hætt að standa undir nútímakröfum.

Snemma sumars 2018 var ljósleiðari tekinn í notkun og þráðlaust net skrifstofunnar styrkt. Þar var aðgengi að þráðlausu neti skipt í annars vegar aðgengi fyrir starfsfólk og hins vegar gestaaðgengi til að auka öryggi gagna.

Tölvubúnaður var allur endurnýjaður áður en ráðist var í kerfisbreytingar. Í stað kerfisleigu var Microsoft Office 365 tekið í notkun. Office 365-leyfi veitir aðgang að safni lausna á vegum Microsoft, og enn sem komið er er aðeins nýttur hluti þeirra lausna sem í boði eru. Innleiðing nýs kerfis hefur gengið framur vonum og haldið verður áfram innleiðingu fleiri lausna úr safni Office 365 á næsta starfsári.



TAUPOKAR

Í ár gaf Fíh öllum félagsmönnum sínum margnota taupoka með merki félagsins og var hann borinn í hús ásamt Tímariti hjúkrunarfræðinga.

Erlent samstarf

SSN

Fíh er hluti af SSN (Sygeplejerskernes Samarbejde i Norden) sem er samvinna félaga hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum. SSN er í forsvari fyrir meira en 320.000 hjúkrunarfræðinga og vinnur markvisst í málum er varða hjúkrun.

Eitt af aðalverkefnum SSN á starfsárinu var að skoða hlutverk yfirhjúkrunarfræðings í stjórnsýslu (CNO, GCNO) á Norðurlöndum. Samstarfinu var hrint af stað eftir tilmælum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) sem hefur lagt áherslu á mikilvægi

þessarar stöðu við þróun heilbrigðiskerfisins um allan heim. Vinnustofa var haldin í byrjun mars í Stokkhólmi þar sem leiðir til að styrkja og styðja við hlutverkið voru kannaðar. Sex fulltrúar frá Íslandi sóttu vinnustofuna, þar á meðal Sigríður Gunnardóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala, sem var með erindi á vinnustofunni.

Einnig var staða klíníks náms í hjúkrunarfræði á Norðurlöndum skoðuð í samstarfi við norrænu hjúkrunarnemafélögin.

KJARARÁÐSTEFNA SSN Á ÍSLANDI

Kjararáðstefna SSN var haldin í Reykjavík 25. – 26. september 2018. Yfirskrift hennar var *Jöfn laun og vinnuskilyrði*.

Ráðstefnuna sóttu um 80 fulltrúar félaga hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum. Markmið ráðstefnunnar var að deila upplýsingum og afla hugmynda um leiðir til að eyða launamun sem er á milli hefðbundinna kvenna- og karlastétta á Norðurlöndum en í tölfraðilegum gögnum, sem unnin voru fyrir ráðstefnuna, kom fram að þessi launamunur er 13,3-17,4% á öllum Norðurlöndunum.

Á ráðstefnunni kom fram að margt er sameiginlegt hjá norrænum hjúkrunarfræðingum þegar skoðuð

eru laun og vinnuskilyrði. Alls staðar eru laun hjúkrunarfræðinga lág miðað við viðmiðunarstéttir með sambærilega menntun og ábyrgð og fleiri hjúkrunarfræðinga vantar til starfa til að uppfylla þörf. Engin ein leið er líklegri en önnur til að leiðrétta laun hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum.

Hjúkrunarfræðingar frá öllum sex Norðurlöndunum sameinuðust á ráðstefnunni undir merkjum SSN um ákall til ríkisstjórna sinna og stjórnmalamanna þess efnis að tekið verði á kynbundnum launamun í þeim kvenna- og karlastörfum sem krefjast sambærilegrar menntunar.



NSSK

Íslenskir hjúkrunarnemar eru hluti af norrænu samstarfi hjúkrunarfræðinema á Norðurlöndum (NSSK) sem funda reglulega í tengslum við fundi norrænu hjúkrunarfélaganna. Í september sl. var fundur NSSK haldinn í Reykjavík í aðdraganda kjararáðstefnu SSN. Fulltrúar nemanna voru síðan gestir á stjórnarfundum SSN. Þar lögðu þeir fram tillögur um aukna þátttöku og virkni nema í starfi SSN.

EFN

Fulltrúar Fíh sóttu fundi Evrópusamtaka hjúkrunarfélaganna í Evrópu (EFN) en þar gefst kostur á að fylgjast með og hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins (ESB) um mál er varða hjúkrun í framtíðinni. Aðalviðfangsefni síðasta starfsárs voru í tengslum við stöðu og launakjör hjúkrunarfræðinga í Evrópu. Áfram var unnið við uppfærslu og innleiðingu tilskipunar ESB um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi hjúkrunarfræðinga. Nursing Now-herferðin var einnig til umræðu.

ICN

Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) eru samtök hjúkrunarfélaganna í rúmlega 120 löndum. Eitt af aðalverkefnum ICN í ár er áður nefnt samstarfsverkefni, Nursing Now-herferðin. Herferðin er þriggja ára samvinnuáttak Alþjóðaráðs hjúkrunarfræðinga (ICN) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem EFN styður og er herferðin þegar orðin virk í yfir 50 löndum víðs vegar um heiminn.

Markmiðið er að bæta stöðu og ímynd hjúkrunar á alþjóðavettvangi og valdefla hjúkrunarfræðinga til að taka þátt í helstu heilbrigðisverkefnum 21. aldarinnar. Hjúkrunarfélögin á Norðurlöndunum taka sérstaklega þátt í áttakinu og nefna það *Nursing Now Nordic*. Áhersla verður lögð á að skoða hlutverk yfirhjúkrunarfræðings í stjórnsýslu (CCNO, GCNO) á Norðurlöndum.

ICN heldur fulltrúaþing annað hvert ár og verður það næsta í Singapúr í júní 2019.

EEN

Samráðsvettvangur evrópskra ritstjóra (European Editors Network) er vettvangur ritstjóra hjúkrunarfræðitímarita. Haldnir eru fundir árlega og fulltrúar skiptast á að skipuleggja fundina í hverju landi fyrir sig.

Síðasti fundur var haldinn í nóvember 2018 í húsnæði hjúkrunarfræðinga í Kaupmannahöfn. Ritstjórnarnir ræddu þróun tímaritanna, efnistösk og samvinnu við greinaskrif. Á fundinum var rætt um skort á hjúkrunarfræðingum í Evrópu og hvernig brugðist er við þeim vanda. Ákveðið var að skiptast á tölulegum upplýsingum um hjúkrunarfræðinga af erlendum uppruna í hverju landi fyrir sig og vinna frekar að sameiginlegu efni um málefnið.



Ályktanir, umsagnir, nefndir og ráð

ÁLYKTANIR OG UMSAGNIR

Aðalfundur 2018 ályktaði um fjárveitingar til heilbrigðisþjónustunnar. Þar var lýst yfir þungum áhyggjum vegna stöðu heilbrigðiskerfisins og skorts á hjúkrunarfræðingum. Hann er þegar farinn að hafa neikvæð áhrif á þjónustu þess, s.s. lokanir á legurýmum, frestun aðgerða og óviðunandi þjónustu við aldraða í heimahúsum og á öldrunarheimilum. Þá var einnig ályktað um kjör hjúkrunarfræðinga og tafarlausar samningaviðræður við þá þar sem ófullnægjandi laun og kjör eru þegar farin að valda flóttu úr stéttinni og lítilli endurnýjun.

Félagið sendi inn umsagnir til nefndasviðs Alþingis um:

Frumvarp til laga um lyfjalög, landlækni og lýðheilsu, um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði og um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Einnig umsagnir um tillögur til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, og um notkun og ræktun lyfjahamps.

NEFNDIR OG RÁÐ STARFSÁRIÐ 2018-2019

Í kjörnefnd sátu Unnur Þormóðsdóttir, formaður nefndarinnar, Margrét Tómasdóttir og Ólöf Árnadóttir. Varamaður er Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir.

Hlutverk nefndarinnar er að annast undirbúning og framkvæmd formannskjörs og kosninga til stjórnar félagsins, í nefndir þess og önnur þau störf sem kosið er um.

Í ritnefnd sátu Aðalbjörg Stefania Helgadóttir, formaður nefndarinnar, Hrund Scheving Thorsteinsson, Margrét Hrönn Svavarsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Sigurlaug Thorsteinsdóttir, Þorgerður Ragnarsdóttir og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir.

Hlutverk ritnefndar er að marka ásamt ritstjóra stefnu tímaritsins og annast umsjón með útgáfu þess.



Í samninganefndum sátu Gunnar Helgason, formaður nefndanna, Guðbjörg Pálsdóttir, Eva Hjörtína Ólafsdóttir og Harpa Júlía Sævarsdóttir. Auk þeirra sitja í samninganefnd við ríkið Brynja Dröfn Jónsdóttir og Sigríður Elísabet Árnadóttir og í samninganefnd við Reykjavíkurborg Dagný Hængsdóttir og Jórunn Ósk Frímansdóttir Jensen. Enn hefur ekki verið skipað í samninganefnd við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, Samband sveitarfélaga né Reykjalund, en viðræður þar eru ekki hafnar.

Samninganefndir annast gerð kjarasamninga við viðsemjendur félagsins.

Í siða- og sáttanefnd sátu Harpa Þöll Gísladóttir formaður, Ólöf Gunnhildur Ólafsdóttir og Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal. Varamenn eru Hildur Helgadóttir og Jóhanna Valgeirsdóttir. *Siða- og sáttanefnd fjallar um kærumál er varða meint brot félagsmanna á siðareglum félagsins.*

Í siðaráði sátu Aðalheiður D. Matthíasdóttir formaður, Arnrún Halla Arnórsdóttir, Birna Óskarsdóttir, Guðbjörg Hulda Einarsdóttir, Linda Þórisdóttir og Lovísa Baldursdóttir. *Siðaráð er faglegur farvegur félagsins fyrir siðfræðileg álitamál og er stjórn til ráðgjafar varðandi álit og umsagnir um þau mál.*

Í afmælisnefnd sátu Steinunn Sigurðardóttir formaður, Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, Ásta Möller, Sigbrúður Ingimundardóttir og Þorgerður Ragnarsdóttir. *Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa 100 ára afmæli félagsins sem haldið er upp á í ár.*

Hátíðardagskráin fer fram í Hörpu föstudaginn 15. nóvember 2019. Sérstök **hátíðarnefnd** annast þá dagskrá. Þeirri nefnd stýra Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir og Margrét I. Hallgrímsson. Aðrir í nefndinni eru Anna Guðríður Gunnarsdóttir, Halla Grétarsdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir og Tryggvi Hjörtur Oddsson.

Í afmælisritnefnd sátu Þorgerður Ragnarsdóttir, formaður nefndarinnar, Helga Ólafs, Anna Gyða Gunnlaugsdóttir og Christer Magnusson. *Ritnefndin stýrði útgáfu afmælisritsins.*

Í muna- og minjanefnd sátu Ingibjörg Pálmadóttir formaður, Bergdís Kristjánsdóttir, Elísabet Hjörleifsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Sigbrúður Ingimundardóttir. *Hlutverk nefndarinnar er m.a. að safna saman munum í eigu félagsins og koma þeim fyrir til varðveislu á viðeigandi hátt. Á 100 ára afmælisárinu hefur nefndin m.a. unnið að sögusýningu hjúkrunar sem opnuð verður 19. júní í Árbæjarsafni.*

Kjörin stjórn og stjórnir sjóða

Stjórn félagsins geta einungis félagsmenn með fulla aðild skipað. Í stjórn sitja auk formanns fimm stjórnarmenn og tveir varamenn. Formannskjör fór fram í ársbyrjun 2018. Guðbjörg Pálsdóttir, formaður félagsins, er sjálfkjörinn formaður kjörtímabilið 2019-2021.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2017-2018

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Arndís Jónsdóttir *varaformaður*
Halla Eiríksdóttir *gjaldkeri*
Anna María Þórðardóttir *ritari*
Gísli Níls Einarsson
Hildur Björk Sigurðardóttir
Varamenn
Guðrún Yrsa Ómarsdóttir
Helena Eydal

Orlofssjóður

Helga Harðardóttir *formaður*
Anna Lís Baldursdóttir
Guðrún Lovísa Ólafsdóttir
K. Hjördís Leósdóttir
Ólöf Sigurðardóttir

Starfsmenntunarsjóður

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir *formaður, tilnefnd af Fíh*
Ragnhildur Ísaksdóttir *tilnefnd af Reykjavíkurborg*
Lárus Ögmundsson *tilnefndur af fjármálaráðuneytinu*
Svanhildur Jónsdóttir *tilnefnd af Fíh*

Styrktarsjóður

Aðalheiður D. Matthíasdóttir *formaður*
Sigrún Barkardóttir
Svanlaug Guðnadóttir
Varamenn
Bjarnheiður Margrét Ingimundardóttir
Ellen Björnsdóttir

Vísindasjóður

Helga Sif Friðjónsdóttir *formaður*
Brynja Örlygsdóttir
Ingibjörg Hjaltadóttir
Marianne Klinke

Vinnudeilusjóður

Hildur Einarsdóttir *formaður*
Unnur Þormóðsdóttir
Sigríður Ósk Einarsdóttir
Varamenn
Anna Soffía Guðmundsdóttir
Eva Hjörtína Ólafsdóttir

Rannsókn- og vísindasjóður

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Herdís Sveinsdóttir
Sigríður Zoëga

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Herdís Sveinsdóttir
Hrund Sch. Thorsteinsson

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Herdís Sveinsdóttir
Sigríður Gunnarsdóttir
Steinunn Sigurðardóttir

Starfsmenn skrifstofu Fíh

Í byrjun apríl 2019 voru 12 starfsmenn hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga í 11 stöðugildum. Í september 2018 hófu tveir nýir starfsmenn störf hjá félaginu, Edda Dröfn Danielsdóttir og Harpa Júlía Sævarsdóttir.

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu félagsins 1. apríl 2019

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir *verkefnastjóri*

Bjarni Ingvarsson *umsjónarmaður eigna orlofssjóðs*

Edda Dröfn Danielsdóttir *sviðstjóri fagsviðs*

Eva Hjörtína Ólafsdóttir *kjararáðgjafi*

Gunnar Helgason *sviðstjóri kjara- og réttindasviðs*

Harpa Júlía Sævarsdóttir *sérfræðingur í kjaramálum*

Helga Ólafs ritstjóri *Tímarits hjúkrunarfræðinga*

Herdís Lilja Jónsdóttir *vef- og verkefnastjóri*

Margrét Rafnsdóttir *fulltrúi*

Sólveig Stefánsdóttir *fjármálastjóri*

Steinunn Helga Björnsdóttir *umsjónarmaður sjóða*



Edda Dröfn tók við stöðu sviðsstjóra fagsviðs. Hún útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Hjúkrunarskólanum í Árósum árið 2002 og lauk meistaragráðu í verkefnastjórnun (MPM) frá Háskóla Íslands árið 2011. Edda starfaði síðast sem verkefnastjóri á Landspítalanum en hefur reynslu af málefnum hjúkrunar á ýmsum sviðum, auk mikillar reynslu af verkefnastjórnun.

Harpa Júlía er sérfræðingur í kjaramálum innan kjara- og réttindasviðs. Hún er menntaður hjúkrunarfræðingur og lauk viðbótardiplómanámi í lýðheilsufræðum árið 2014. Harpa hefur starfað við hjúkrun frá því 2004, að mestu á bráðamóttökum LSH og Hjartagátt, en undanfarin 2 ár hefur hún sinnt stöðu aðstoðardeildarstjóra á Hjartagátt. Harpa hefur sinnt trúnaðarmannastörfum og var í verkfallsstjórn árið 2014.



FÉLAG
ÍSLENSKRA
HJÚKRUNARFRÆÐINGA
1919 - 2019

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
540 6400

www.hjukrun.is